

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. ágúst 1997. Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 162 3. mars 1997 breytist þannig:

Vegna sölu á heitu vatni.

D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjald reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnu-húsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 12,08$ kr./m² ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fastagjald á mánuði = $1.570 + (F - 130) \times 7,27$ kr./m², ef F er stærra en 130 m².

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a. Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 89,99 fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - b. Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 120,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6m³/klst.: 277 kr./mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6m³/klst.: 497 kr./mán.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. júlí 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarnan.